

21. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps fimmtudaginn 5. desember 2019 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar.

Oddviti kom mið tillögu að dagskrárbreytingu, að inn komi þrír (3) nýir dagskrárliðir, 4, 5 og 6. Tillagan samþykkt samhljóða.

1. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2019.

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2019.

Fjárhæðir í viðauka 1 valda því að rekstrarliðir í einstaka málaflokkum breytast sem hér segir:

00 01 Útsvar: lækkar um kr. 14.000.000

00 10 Jöfnunarsjóður: hækkar um kr. 151.000.000

21 40 Lögfræðikostnaður: hækkar um kr. 2.500.000

28 01 Vaxtatekjur: hækkar um kr. 31.000.000

Útsvar hefur verið ofátlað miðað við stöðu dagsins og hvað má áætla á síðasta mánuði ársins. Niðurstaða dóms hæstaréttar í dómi fimm sveitarfélaga gegn íslenska ríkinu, vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði, er að skila hækkun greiðslna úr Jöfnunarsjóði, annars vegar í samræmi við niðurstöðu dómsins og hins vegar árlegt framlag úr sjóðnum á árinu 2019 í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar. Greiddir dráttarvextir og hækkun vaxtatekna hækka vaxtatekjur um kr. 31.000.000 eins og fyrr segir og kostnaður vegna lögfræðipjónustu við fyrrgreind málaferli verður kr. 2.500.000.

Samtals breyting við viðauka 1 nemur nettó hækkun tekna að upphæð kr. 165.500.000.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagðan viðauka 1 samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2020 – 2023; lokaumræða og afgreiðsla.

Fjárhagsáætlun 2020 – 2023 fyrir Ásahrepp lögð fram til lokaumræðu og afgreiðslu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og skýrði ýmsa liði. helstu kennitölur áætlunarinnar fyrir samstæðureikning eru (í þús. kr.):

Samstæða (A- og B-hluti) Rekstrarreikningur	2020	2021	2022	2023
Tekjur	332.228	344.296	355.260	366.626
Gjöld	358.457	330.447	341.794	362.385
Niðurstaða án fjármagnsliða	(26.229)	13.849	13.466	4.240
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)	7.343	5.962	6.961	7.655
Rekstrarniðurstaða	(18.886)	19.811	20.426	11.895

Efnahagsreikningur	2020	2021	2022	2023
Eignir				
Fastafjármunir	403.448	394.442	390.826	371.285
Veltufjármunir	189.413	218.158	242.063	273.293

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like EG, MF, and others.

Eignir samtals	592.861	612.600	632.889	644.578
-----------------------	----------------	----------------	----------------	----------------

31. desember	2020	2021	2022	2023
---------------------	-------------	-------------	-------------	-------------

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	542.541	562.352	582.778	594.674
Langtímaskuldir	38.253	38.119	37.918	37.680
Skammtímaskuldir	12.067	12.129	12.193	12.224
Skuldir og skuldbindingar samtals	50.320	50.248	50.111	49.904

Eigið fé og skuldir samtals	592.861	612.600	632.889	644.578
------------------------------------	----------------	----------------	----------------	----------------

Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingu sem hér segir í þúsundum króna:

	2020	2021	2022	2023
--	-------------	-------------	-------------	-------------

Eignasjóður	25.100	9.500	15.500	0
Fráveita	400	0	0	0
Samtals	25.500	9.500	15.500	0

Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna framkvæmda á árinu 2020.

Oddviti bar upp fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2020 – 2023 til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda lögbundnum aðilum afrit af samþykktri áætlun í samráði við KPMG endurskoðun.

3. Leigusamningur um veiðiréttindi í efrihluta Þjorsá og hliðarám.

Lögð fram drög að leigusamningi um veiðiréttindi í efrihluta Þjorsá og hliðarám, milli Veiðifélags efrihluta Þjorsár og Fish Partner ehf.

Egill Sigurðsson gerði grein fyrir samningnum og forsendum hans.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagðan samning og samþykkir hann samhljóða fyrir sitt leyti.

4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (þingmál 391).

Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum.

Umræða var um framlagt frumvarp. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela Óskari Sigurðssyni, lögmanni, að vinna umsögn og athugasemdir við frumvarpið fyrir sitt leyti. Frestur til að gera athugasemdir við frumvarpið er til 9. desember n.k.

5. Fundargerð 187. fundar skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19 -110.

Mál nr. 1; Nýidalur L165352; Skálasvæði, salernishús, tjaldsvæði og hestagerði;

Deiliskipulag – 1905071, sbr. fundargerð 187. fundar skipulagsnefndar.

Oddur Hermannsson f.h. Ferðafélags Íslands leggur fram tillögu að deiliskipulagi fyrir

Skálasvæði í Nýjadal. Deiliskipulagið nær til um 4,5 ha svæðis er liggur við

Sprengisandsleið, F26. Skálasvæðið tilheyrir í dag Vatnajökulsþjóðgarði og er við mynni

Nýjadals á Melbarði sunnan Nýjadalsár (Fjórðungakvíslar). Sprengisandsleið, F26, liggur um

skálasvæðið, suðvestan við Tungnafellsjökul. Skálasvæðið er innan þjóðlendu. Ferðafélag

Íslands hefur um árabíl rekið gistiskála og tjaldsvæði. Afmörkun deiliskipulags mun ná utan um skála svæðisins, auk salernishúss, tjaldstæði og hestagerðis. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óska skal efir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Landgræðslunni, Minjastofnun Íslands, Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs, Ásahreppi og samráðsnefndar um Holtamannafrétt og Forsætisráðuneyti.

Mál nr. 11; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19-110 – 1911003F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. nóvember lagðar fram til kynningar.


6. Boðun aðalfundar Rangárhallarinnar, 11. desember 2019.


Lagt fram fundarboð vegna aðalfundar Rangárhallarinnar sem haldinn verður miðvikudaginn 11. desember 2019, klukkan 20:30.


Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tilnefna Ástu B. Ólafsdóttur sem fulltrúa Ásahrepps á þessum aðalfundi og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins.


Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20.



Ásta B. Ólafsdóttir


Guðmundur Gíslason


Brynja J. Jónasdóttir


Elín Grétarsdóttir


Egill Sigurðsson


Valtýr Valtýsson